

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 5. október 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-65/2012:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 4. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á riðstraumsrafal í bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerðar á gallanum.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 7. september sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur mótttekið beiðni þína um álit vegna bifreiðarinnar xx-000. Áður en kæruneftndin gefur gagnaðila kost á því að andmæla kröfum þínum og málatilbúnaði óskar hún eftir því að fá frá þér frekari gögn og upplýsingar til samræmis við 2. gr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftndina, en þar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari gögnum sem fyrir hendi eru um kaup þín á bifreiðinni, s.s. kaupsamningi og afsali.
- 2) Nánari gögn um viðgerðina sem fram fór á bifreiðinni, t.a.m. kvittanir.
- 3) Einhverjar frekari upplýsingar um samskipti þín við Y, t.d. tölvupóstsamskipti, séu slík samskipti til.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 17. september n.k.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við nefndina. Kæruneftndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 7. september sl.

III  
Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir